

Tónlistarverkefnið Ungir – Gamlir

Tónlistarverkefnið Ungir-Gamlir fór fram í fyrsta skiptið í nóvember 2006 og síðan þá verið endurtekið árlega. Um er að ræða samstarfsverkefni allra skólanna á Akranesi (Grundaskóla, Brekkubæjarskóla, Fjölbrotarskóla Vesturlands og Tónlistarskóla Akraness). Reyndar er það markmiðið að héðan í frá verði Ungir-Gamlir fastur viðburður í menningarlífinu á Akranesi. Markmið þessa tónlistarverkefnis er að gefa ungum tónlistarmönnum á Akranesi tækifæri til að vinna með reyndu fólki sem vonandi eykur áhuga þeirra á að ná lengra á sviði tónlistarinnar.



Verkefnið hefur verið unnið þannig að áhugasamir nemendur skólanna á Akranesi hafa tekið þátt í stuttum námskeiðum með þekktum tónlistarmönnum. Í framhaldi af því hafa verið settir upp veglegir tónleikar í Bíóhöllinni á Akranesi þar sem fram hafa komið söngvarar og ýmsir samspilshópar. Fjölbreytt tónlistaratriði hafa litið dagsins ljós og í hvert skipti hafa tveir landsþekktir tónlistarmenn tekið þátt í tónleikunum og komið fram ásamt nemendum. Sem dæmi um tónlistarmenn sem hafa lagt verkefninu lið eru; Andrea Gylfadóttir, Jón Jósep Snæbjörnsson, Magni Ásgeirsson, Sigtryggur Baldursson (Bogomil Font), Margrét Eir Hjartardóttir, Hera Björk Þórhallsdóttir og Eiríkur Hauksson. Auk þess hafa þau reyndir sænskir kennarar komið að verkefninu öll árin. Einnig hafa sænskir nemendur þeirra tekið þátt í verkefninu. Síðast en ekki síst hafa gamlir nemendur skólanna tekið þátt í verkefninu annað hvort sem leiðbeinendur í hinum ýmsu námskeiðum sem boðið hefur verið upp á eða sem beinir þátttakendur í tónleikunum.



Verkefnið hefur verið í umsjón Flosa Einarssonar tónmenntarkennara í Grundaskóla.